

Ed.

430. Frumvarp til laga

[224. mál]

um sölu notaðra lausafjármuna.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi löggreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunarvatvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða almennar reglur um réttmæta verslunarhætti.

4. gr.

Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem löggreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr.

Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar tölusettur og verðmerktur.

6. gr.

Skylt er verslun að halda heimildarskrá um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu. hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu. Skrá þessi skal færð í þar til gerða bók með tölusettum blaðsíðum, sem viðurkennd er af löggreglustjóra.

Í heimildarskrá þessa skal færa, eftir því sem við verður komið, eftirfarandi upplýsingar:

1. móttökunúmer hlutar,
2. móttökudag,
3. lýsingu hlutar,
4. nafn, stöðu og heimilisfang þess sem hlutinn afhenti,
5. söludag hlutar,
6. nafn, stöðu og heimili kaupanda hlutar,
7. innkaupsverð, viðgerðarkostnað, ef einhver er, og söluverð hlutar. Sé hlutur tekinn í vöruskiptum skal skiptaverðs getið.

7. gr.

Heimildarskrá er skylt að geyma í 10 ár. Sömuleiðis er skylt að geyma jafnlengi allar aðrar skriflegar upplýsingar um varning, svo sem kvitanir, bréf o. fl. Löggreglustjóra skal jafnan opinn aðgangur að heimildarskrá verslunar sem og öðrum gögnum er varða söluhlut. Löggreglustjóri getur krafist þess að fá skráðan sem ó-skráðan varning til skoðunar, hvenær sem hann telur þess þörf.

8. gr.

Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

9. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G re i n a r g e r ð .

Að beiðni flutningsmanns frumvarps þessa, er það samið af Arnmundi Backman lögfræðingi. Við samningu þess var einkum stuðst við gildandi reglur í Noregi og í því sambandi stuðst við gögn og ábendingar frá landssambandi löggiltira bílasala í Noregi, „Autorserte Bruktbilhandlara landsforbund“.

Hinn 1. janúar 1977 gekk í gildi í Noregi reglugerð um sölu notaðra eða gamalla hluta. Reglugerð þessi var sett samkvæmt heimild í lögum um verslunarvatvinnu, lov om handelsnærings, frá 8. mars 1935, 10. kafla um „antikvar- og skraphandel“. Sambærilegum lagaákvæðum er ekki til að dreifa hér á landi.

Verslun og umboðssala með notaða eða gamla hluti, svo sem sala notaðra bifreiða, bóka, innanstokksmuna eða annars, hefur færst mjög í vöxt hér á landi á undanförnum árum. sér í lagi þó sala notaðra bifreiða. Verslun af þessu tagi er sérstaks eðlis. Hún byggir í aðalatriðum á því að endurselja ýmiss konar lausafjármuni, sem áður hafa verið í einkaeign. Af þeim sökum verður sölumaður að treysta eignarheimild þess sem hlutinn afhendir til sölu. Og sá, sem notaðan hlut kaupir, verður að treysta því að sú heimild hafi verið fyrir hendi, að hann hafi með lögmætum hætti eignast notaðan hlut.

Um eðli fornverslana eða umboðssölu notaðra bifreiða verður ekki farið fleiri orðum í greinargerð þessari. Sérstaða þeirra í verslunarviðskiptum er augljós. Af þeim sökum telur flutningsmaður þessa frumvarps brýnt að lögfest verði ákvæði sem tryggja ættu sәmilegt réttaröryggi í viðskiptum þessum. Með slíkt í huga er frumvarp þetta lagt fram.

Í öllum aðalatriðum er ákvæðum hinnar norsku reglugerðar fylgt.

A thugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sérstakt leyfi lögreglustjóra þurfi til að reka verslunar- eða umboðssölu með notaða eða gamla hluti. Hér getur auðvitað komið til margs konar varningur, en algengust er þó verslun með bifreiðar, bækur og húsgögn.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sett verði það almenna skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 1. gr., að viðkomandi fullnægi skilyrðum laga um verslunarvatvinnu til að mega reka verslun á Íslandi.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 5. gr.

Krafan um, að allur varningur, sem lög þessi ná til, skuli geymdur óbreyttur í a. m. k. 14 daga, er fyrst og fremst sett til öryggis, sé um það að ræða að eignarheimild seljanda hlutar sé vafa undirorpin. Í 9. gr. er ákvæði um að lögreglustjóra sé heimilt að veita undanþágu frá þessari grein.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 8. gr.

Í niðurlagi greinarinnar er lagt til að seljanda notaðrar bifreiðar verði gert skyldt að sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins eignarheimild sína. Í viðskiptum sem þessum hefur í seinni tíð borið talsvert á svokölluðum „raðsölum“, þ. e. að bifreið fer um hendur nokkurra seljenda sem bó eru ekki skráðir eigendur hennar. Hefur þetta þótt skapa talsverða réttaróvissu. Bifreið er fyrirferðarmikið tæki i nútíma þjóðfélagi. Á eigendum og ökumönnum hvilir veruleg ábyrgð samkvæmt lögum. En meðan „raðsölur“ án skráningar hvers eigenda viðgangast eru opinberar skrár ófullkomnar um skráningarskylda eigendur bifreiða.